

Borgarráð

Beiðni um endurupptöku vegna lóða fyrir smáhýsi í Laugardal.

Þann 16. nóvember sl. barst borgarráði erindi Stefáns Björnssonar þar sem vísað er til ákvörðunar velferðarsviðs um að staðsetja fimm smáhýsi fyrir heimilislaust fólk í Laugardalnum. Verður erindið ekki skilið á annan hátt en að verið sé að óska þess að borgarráð endurupptaki ákvörðun sína frá 7. október 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 29. september 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi austurhluta Laugardals vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Sú ákvörðun fór til endanlegrar staðfestingu borgarstjórnar á fundi hennar 19. október 2021.

Með erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 23. nóvember sl. var jafnframt óskað umsagnar velferðarsviðs um endurupptökubeiðnina og liggur hún fyrir í málinu dags. 19. desember 2022. Í umsögn velferðarsviðs kemur m.a. fram að samþykkti þær sem vísað er til í endurupptökubeiðninni varða breytingu á deiliskipulagi vegna smáhýsa í Laugardal og var tillagan unnin á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar eftir reglum skipulagslaga um auglýsingu skipulagstillagna. Í því ferli komu fram athugasemdir og ábendingar, m.a. er varða sömu sjónarmið og umboðsmaður barna setur fram í erindi sínu sem og endurupptökubeiðandi. Í ferlinu var farið yfir allar athugasemdir og þeim svarað af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs, að höfðu samráði við velferðarsvið, áður en komist var að niðurstöðu í málinu. Afstaða var jafnframt tekin til sjónarmiða um nálægð við Húsdýragarð, útvistarsvæði og íþróttamannvirki í ferlinu með hliðsjón af öryggi barna og annarra íbúa, eins og fram kemur í fyrirliggjandi gögnum deiliskipulagsmálsins þ.m.t. svör umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. september 2021.

Í 60. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný á vettvangi borgarráðs sbr. 4. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga. Í 24. gr. stjórnarsýslulaga kemur fram að aðili máls getur átt rétt á því að mál verði tekið til meðferðar á ný ef: 1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða 2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að eftir að þrjú mánuðir eru liðin frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörðun var byggð á, verður beiðni um endurupptökumáls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

Með vísan til ofangreinds, umsagnar velferðarsviðs og annarra fyrirliggjandi gagna verður ekki séð að skilyrði stjórnarsýslulaga um endurupptöku ákvörðunar borgarráðs frá 7. október 2021, sem var staðfest með ákvörðun borgarstjórnar 19. október s.á. Er mælt með því að borgarráð hafni beiðni um endurupptöku.



Virðingarfyllt,

Helga Björk Laxdal

Skrifstofustjóri borgarstjórnar